

# Þingsályktun

## um skráningu upplýsinga um umgengisforeldra.

---

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í almannaskráningu á Íslandi verði skráðar nauðsynlegar upplýsingar um umgengisforeldra til jafns við aðra foreldra svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. janúar 2016.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. maí 2014.*